



SKILGREINDU MENNTASTEFNUNA MEÐ AÐSTOÐ CHATGPT

RÆKTUM VITID

SAMSTARFSVERKEFNI

SVP – SAMTAKA VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU OG VR/LÍV

2025



MENNTASTEFNA FYRIRTÆKJA ER LYKILLINN AÐ BJARTRI FRAMTÍÐ

Nýttu þér ChatGPT sem hjálpartól til að sérsníða menntastefnu fyrir árangursríka þekkingaröflun og starfsþróun





FYRIRMÆLA CHATGPT BÍBLÍA STJÓRNENDA FYRIRTÆKJA SVP

Fyrirmæla [prompt] biblía ChatGPT fyrir
stjórnendur fyrirtækja í verslunar- og
þjónustugreinum





Hvað er fyrirmæla Biblía?

SKILGREINING

Fyrirmæli (prompts) eru notuð til að fá nákvæm svör frá gervigreind. –

Markmið: Að aðstoða stjórnendur við að búa til sérsniðna og markvissa menntastefnu fyrir sitt fyrirtæki. –

Viðmið frá Starfsmenntasjóðir verslunar- og skrifstofufólks (SVS)





Stefna og framtíðarsýn

FYRIRMÆLI FYRIR CHATGPT

„Hjálpaðu mér að skrifa stefnu í fræðslumálum fyrir [nafn fyrirtækis]. Hún á að byggja á framtíðarsýn fyrirtækisins sem leggur áherslu á [t.d. nýsköpun, þjónustugæði, eða hæfniþróun].“

„Hvernig get ég tryggt að menntastefnan styðji við gildi fyrirtækisins, t.d. [settu inn gildi eins og nýsköpun, sjálfbærni eða teymisvinnu]?“





Hlutverk starfsfólks og stjórnenda

FYRIRMÆLI FYRIR CHATGPT

„Lýstu hlutverki starfsfólks og stjórnenda í menntastefnu sem er sérsniðin fyrir [nafn fyrirtækis]. Taktu tillit til þess að fyrirtækið einblínir á [t.d. teymisvinnu, sjálfstæði starfsfólks, sterka leiðtogahæfni].“





Greining á fræðsluþörf

FYRIRMÆLI FYRIR CHATGPT

„Hjálpðu okkur að þróa ferli fyrir [nafn fyrirtækis] til að greina fræðsluþarfir starfsfólks. Ferlið á að taka mið af starfsmannasamtölum, frammistöðumati og þörfum allra starfshópa innan fyrirtækisins.“

„Hvernig get ég lagað menntastefnu fyrirtækisins til að bregðast við skyndilegum breytingum á hæfniþörfum vegna [t.d. nýrrar tækni, skipulagsbreytinga eða samkeppni]?“

✦ Námskeið og aðgengi



TEGUND NÁMS

„Hvaða tegundir náms á [nafn fyrirtækis] að íhuga til að mæta þörfum starfsfólks síns? Við erum með [fjölda starfsfólks, mismunandi hlutverk, eða starfsstöðvar]. Nám getur verið starfstengt, formlegt nám, óformlegt nám, tungumálanám, eða tæknifræðsla.“



NÁMSTÆKIFÆRI

„Hvernig getum við í [nafn fyrirtækis] tryggt að námstækifæri séu aðgengileg öllu starfsfólki, óháð hlutverki, staðsetningu eða tungumálahæfni?“



TÆKNILAUSNIR

„Hvaða tæknilausnir, eins og gervigreind eða sýndarveruleiki, mælir þú með til að bæta fræðslustarfsemi í [nafn fyrirtækis]?“



Skipulagning námskeiða og fræðsluáætlana

FYRIRMÆLI FYRIR CHATGPT

„Hjálpaðu mér að búa til fræðsluáætlun fyrir [tímabil]. Hún á að innihalda titla námskeiða, lýsingu á markmiðum, fyrirkomulagi (t.d. staðbundin eða stafræn), og markhópa.“





Mæling og eftirfylgni

FYRIRMÆLI FYRIR CHATGPT

„Hvernig getur [nafn fyrirtækis] fylgst með og skráð þátttöku starfsfólks í fræðslu? Hverjar eru bestu aðferðirnar til að tryggja að gögnin nýtist bæði stjórnendum og starfsfólki við að meta árangur og þátttöku?“



Hvatar, hvatning, samræming við markmið og fyrirtækjamenningu

HVATAR OG HVATNING

„Hjálpðu okkur að þróa hvatakerfi fyrir starfsfólk í [nafn fyrirtækis] sem stuðlar að frekari hæfniaukningu.“

„Hvernig get ég hvatt starfsfólk í [fyrirtæki] til að taka virkan þátt í sí- og endurmenntun? Láttu fylgja tillögur að fjárhagslegum og ófjárhagslegum hvötum.“

SAMRÆMING VIÐ MARKMIÐ OG FYRIRTÆKJAMENNINGU

„Hvernig get ég samræmt menntastefnu fyrirtækisins við langtíma markmið okkar, eins og [t.d. aukna framleiðni, betri þjónustu eða nýsköpun]?“

„Hvernig get ég tryggt að menntastefna okkar sé í takt við fyrirtækjamenningu og styðji við gildi og hegðun sem við viljum efla?“



Innleiðing, kynning og viðbrögð við breytingum

INNLEIÐING OG KYNNING

„Hvernig get ég aðlagað menntastefnu fyrirtækisins til að mæta nýjum áskorunum í iðnaðinum, t.d. vegna tæknibreytinga eða nýrra laga?“

VIÐBRÖGÐ VIÐ BREYTINGUM

„Hvernig get ég aðlagað menntastefnu fyrirtækisins til að mæta nýjum áskorunum í iðnaðinum, t.d. vegna tæknibreytinga eða nýrra laga?“



Samstarf við utanaðkomandi aðila

„Hvernig get ég nýtt samstarf við [fræðsluaðila/háskóla] til að þróa sérhæfða þjálfun fyrir [tiltekið hlutverk eða svið]?“

Endurmat og endurbætur

„Hjálpðu mér að þróa ferli til að meta árangur menntastefnu okkar reglulega. Hvernig get ég innleitt kerfisbundnar endurbætur?“

Þróun menningar um sí- og endurmenntun

„Hvernig getur [nafn fyrirtækis] byggt upp menningu sem hvetur til stöðugar þekkingaröflunar meðal starfsfólks? Taktu mið af sérstöðu okkar, sem felst í [t.d. hröðum vexti, mikilli tæknivæðingu eða fjölbjóðlegu vinnuafli].“

Þjálfun fyrir ný hlutverk

„Hvaða þjálfunaráætlanir mælir þú með fyrir starfsfólk sem er að fara að sinna nýju hlutverki innan fyrirtækisins? Hvernig getur fræðsla stutt við aðlögun þeirra að [tiltekinni deild eða ábyrgð] og tryggt árangur þeirra?“

Símenntun er sjálfsagður, gefandi og
✦ skemmtilegur partur af því að vera á
vinnumarkaði



Þekking er besta fjárfestingin

RÆKTUM VITID ER SAMSTARFSVERKEFNI

SVÞ - Samtaka verzlunar og þjónustu, VR og
Landssambands Íslenskra verzlunarmanna

@RAEKTUMVITID.IS



RAEKXTUM VITID